

Ed.

317. Frumvarp til laga

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.